

**Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi, Kirkjustræti
101 Reykjavík**

Selfossi, 21. maí 2024

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett 15. maí sl. þar sem Vinum íslenskrar náttúru, hér eftir VÍN, er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál. Umsagnarfrestur er til 21. maí n.k.

VÍN gerir alvarlegar athugasemdir við þennan stutta umsagnarfrest, sem í raun er aðeins þrír virkir dagar. Í ljósi þessa áskilur VÍN sér allan rétt til að koma að frekari athugasemdum, sé þess þörf, eftir að umsagnarfresti lýkur.

Samhliða framangreindu frumvarpi er einnig lögð fram til umsagnar, **með sama stutta umsagnarfresti**, tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi, 899. mál. Að þessi mál hafi áður komið fram í samráðsgátt réttlætis á engan hátt að gefnir séu þrír virkir dagar til umsagnar enda ekki allir sem hafa haft tök á að kynna sér málin á því stigi.

Inngangur

VÍN vill leggja áherslu á að náttúra Íslands og eðlileg þróun hennar og þar með talið afar sérstætt landslag er sameiginleg „eign” þjóðarinnar sem mikilvægt er að vernda og sem við berum öll sameiginlega ábyrgð á að í sem bestu ástandi til komandi kynslóða. Náttúra landsins er hvorki eign vindorkufjársfesta, einstakra landeiganda né nærsamfélaga. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þar sem áhrif vindorkugarða geta náð langt út fyrir mörk sveitarfélaga eða einstakar landareignir.

VÍN varar sérstaklega við að sífellt sé verið að heimta og réttlæta nauðsyn á hraðri uppbyggingu vindorku í nafni þess að vindorkan sé græn og bjargi þar með lofslagsvandamálum. Vindorka sem spillir landslagi, víðernum, menningarminjum, jarðminjum og lífríki og notuð er til að auka neyslu og þar með talið kolefnislosun, hefur ekkert með græna orku að gera, enda er það hugtak mjög vafasamt eitt og sér án alls samhengis.

VÍN varar við því að einkaaðilar nái að stjórna orkumarkaði þ.e. verði á orku á Íslandi til almennings með allskyns milliliða- og markaðsbralli eins og sýndi sig í Evrópu þegar verð á olíu hækkaði í kjölfar stríðsins í Úkraínu en jafnframt verð á vindorku þó að vindurinn sjálfur væri ókeypis. VÍN varar við þessu, því það hefur sýnt sig að þegar fjárhagslegir hagsmunir

einstaklinga og fyrirtækja ráða ferðinni frekar en heildarhagsmunir almennings hefur það ítrekað valdið auknum náttúruspjöllum.

Rétt er að nefna skort á innviðum til að byggja upp vindorkuver. Það fara ekki alltaf saman hugmyndir um staðsetningu vindorkugarða og geta eða staðsetning raforkudreifikerfisins. Það er einnig svo að vegakerfi landsins er oft mjög illa undir það búið að flytja efni í vindmyllur. Á almenningur að kosta breytingar á innviðum, sem líka gætu haft skaðleg áhrif á náttúruna, bara til að þóknast sérhagsmunum eigenda vindorkugarða?

VÍN varar við öllum skemmdum á sérstöðu íslenskrar náttúru, landslagi, víðáttu og menningarminjum með uppsetningu vindorkuvera eða einstakra vindmylla. VÍN telur að vindorkuver á Íslandi muni breyta ásýnd landsins í grundvallaratriðum þ.e. frá því að vera frekar ósnortið hvað varðar landslag yfir í manngert iðnaðarlandslag.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

VÍN gerir ekki athugasemd við 1. gr. frumvarpsins.

2. gr. frumvarpsins fjallar um breytingar á 3. mgr. 3. gr. laganna. Í a lið 2. gr. segir: „Að auki tekur áætlunin til landsvæða og virkjunarkosta í vindorku sem hafa uppsett rafafli 10 MW eða meira eða vindorkumannvirki í hæstu stöðu er hærra en 100 metrar.“

Þó að það auðveldi ýmislegt, stjórnsýslulega, að notast við ákveðin mörk þá hefur það sýnt sig, t.d. í tengslum við mat á umhverfisáhrifum, að óvandaðir aðilar, jafnvel ríkisstofnanir, hafa skipt áætlunum upp í minni hluta til að þurfa ekki að hlíta ákveðnum reglum í Þjóðfélaginu; reglum sem eru settar með náttúru- og umhverfisvernd að leiðarljósi. Hér gætu óvandaðir aðilar með aðgang að ákveðnu landssvæði, t.d. skipt orkunýtingaráætlunum upp í 9 MW einingar eða haft vindmyllur 95 m í hæstu stöðu sem er þó talsvert hærri en turn Hallgrímskirkju sem oft er notaður sem dæmi. Afar slæm reynsla íbúa í Rangárþingi af tveimur „litlum“ vindmyllum í Þykkvabæ á að vera öðrum víti til varnaðar.

VÍN telur að öll áform um vindorkunýtingu eigi að vera tilkynningarskyld og falla undir lögin enda ná t.d. sjónræn áhrif vindmylla í landslagi Íslands yfirleitt langt út fyrir sjálf vinnslusvæðin og geta verið sýnileg í að minnsta kosti 50 kílómetra fjarlægð.

Í b lið segir: „Þegar um er að ræða landsvæði og virkjunarkosti í vindorku tekur verndar- og orkunýtingaráætlun að auki **ekki** [feitiletrun VÍN] til svæða á B-hluta náttúruminjasrár, svæða innan marka friðhelgunar menningarminja, svæða á heimsminjasrár UNESCO auk svæða sem tilnefnd hafa verið á skrána, Ramsar-svæða og svæða innan marka miðhálandislinu eins og hún er skilgreind í landsskipulagsstefnu.“

Hér má álykta sem svo að óheimilt sé að virkja á þessum svæðum af ýmsum ástæðum sbr. greinargerð og einnig með vísun í tillögu til þingsályktunar samanber fyrrgreint 899. mál. Það er þó ýmislegt mjög óljóst bæði hvað varðar afdrif 899. máls og ýmislegs annars, mætti nefna að verulega hefur skort á að B-hluti náttúruminjasrár komi til framkvæmda og svo sem framkvæmdaáætlun um net verndarsvæða samkvæmt Bernarsamningnum. Stuttur umsagnarfrestur gerir VÍN ókleift að fara í ýmis atriði sem varða þessa grein.

VÍN leggur því til, til samræmis við framangreinda þingsályktunartillögu, að b liður orðist svona: „Þegar um er að ræða landsvæði og virkjunarkosti í vindorku tekur verndar- og

orkunýtingaráætlun að auki **ekki** til svæða á B-hluta náttúruminjaskrár, svæða innan marka friðhelgunar menningarminja, svæða á heimsminjaskrá UNESCO auk svæða sem tilnefnd hafa verið á skrána, Ramsar-svæða og svæða innan marka miðhálandislínu eins og hún er skilgreind í landsskipulagsstefnu enda uppbygging virkjunarkosta í vindorku á þessum svæðum óheimil.“

Í 3. gr. frumvarpsins segir: „Við 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna bætist: nema um sé að ræða virkjunarkosti til nýtingar vindorku.“

VÍN leggst alfarið á móti þessari breytingu og sér engin rök sem mæla með breytingunni. Rökin um eðli vindorkunnar, sjá greinargerð, og sýnileika vindorkuvera virðast hér eingöngu notuð til að gefa í skyn að þetta sé fyrst og fremst sett inn í löginn með náttúruvernd/landslagsvernd að leiðarljósi. Með þessu ákvæði er hins vegar einnig opnað fyrir það að sveitarstjórnir geti tekið ákvarðanir þvert á náttúruvernd/landslagsvernd þar sem þær eru ekki bundnar af niðurstöðu verndar- og orkunýtingaráætlunar. Það vekur einnig furðu að ákvæðið virðist gera ráð fyrir því að niðurstöður séu ekki bundnar við nýtingu á ákveðnum stöðum heldur látið eins og að heil svæði/sveitarfélög séu undir þegar endanleg niðurstaða er birt. Það hlýtur að þurfa að gera ráð fyrir því að afstaða til nýtingar vindorku, verndar- og orkunýtingaráætlunar, byggji á vísindalegum rannsóknum á mögulegum kostum en ekki ásókn fjárfestingaraðila í heil landsvæði þar sem vindur blæs.

Í 4. gr. segir um breytingu á 1. mgr. 10. gr. laganna: „Við mat og tillögur um flokkun virkjunarkosta í vindorku skal verkefnisstjórn jafnframt horfa til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi þar sem gerð er grein fyrir helstu forsendum fyrir nýtingu vindorku til raforkuvinnslu.“

VÍN gerir ekki beint athugasemd við tilgang þessarar breytingar. Hins vegar er alveg ljóst að stefna hefur ekki sömu virkni og lög og þó ýmislegt hljómi fallega í þingsályktunartillögunni þá er ekki útséð um hvað úr verður, ekki síst í ljósi næstu greinar í frumvarpinu. Sjá athugasemdir við hana.

5. gr. frumvarpsins fjallar um nýja grein, grein 10 a „Sérstök málsmeðferð tiltekinna virkjunarkosta í vindorku í þágu orkuskipta og kolefnishlutleysis.“

VÍN áttar sig ekki á því hvers vegna það þarf sérstaka grein um samband virkjunar vindorku og orkuskipta. Þessi grein virðist eingöngu vera til þess að þóknast þeim sem vilja koma upp vindorkuverum og það eigi að réttlæta þau með orkuskiptum og kolefnishlutleysi. Hvers vegna eru ekki allir virkjunarkostir þar sem notuð er endurnýjanleg orka, settir undir þennan hatt þó munur sé á hversu endurnýjanleg orkan getur verið? Og hvers vegna er það ekki alveg á hreinu í hvað orkan er notuð en ekki að notað sé orðalag eins og í a lið 5. gr. um að virkjunarkosturinn stuðli að o.s.frv.

VÍN bendir ennfremur á að í 5. gr. b. liðar er afar óljóst orðalag en þar segir innan landsvæðis sem almennt telst hafa verið raskað af mannavöldum. Því strangt til tekið er allt Ísland að jöklunum meðtöldum raskað af mannavöldum. Sérstaklega vegna óheftrar beitar og hlýnunar loftlags af manna völdum.

Með 5. gr. virðist eiga að koma á einhvers konar ráðherraræði vegna vindorku, ráðherraræði í bland við sveitarfélagsræði pakkað inn í umsagnaferli aðkomu hagaðila, bara vegna virkjunarkosta í vindorku.

Það verður að segjast eins og er að VÍN blöskrar hversu augljóst það er að þeir aðilar sem tala sérstaklega fyrir vindorku hafa náð að setja mark sitt á breytingar á lögunum. Það vekur furðu að ef fara á í breytingar vegna eins orkugjafa hvers vegna aðrir mögulegir orkugjafar eru ekki einnig til umfjöllunar s.s. sólarorka og sjávarfallaorka fyrir utan auðvitað vatnsorku og jarðvarma. Og enn og aftur varar VÍN við því að virkjunarkostir í vindorku séu réttlættir með grænni orku, orkuskiptum og lausn á loftslagsvandamálum. **Það þarf mun heildstæðari lausnir sem byggja fyrst og fremst á minni losun kolefnis, minni neyslu þar sem fullt tillit er tekið til líffræðilegrar fjölbreytni og vernd landslags-, víðerna og menningarminja.** Öll finu orðin og hugtökin er að finna í tilvísaðri tillögu til þingsályktunar, sjá athugasemdir VÍN við hana, en þingsályktun er aðeins stefna en ekki lög og þar af leiðandi ekki skuldbindandi og hægt að túlka hana á ýmsa vegu.


VÍN gerir ekki athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins sem slíka en bendir á athugasemdir félagsins við umrædda þingsályktun.

VÍN telur ákvæði til bráðbirgða skynsamleg en beinir því til stjórnvalda að gera nú þegar breytingar sbr. umsögn hér að framan. .

Miðað við að ráðamenn þjóðarinnar hafa lítið sinnt verndun líffræðilegrar fjölbreytni á Íslandi svo sem með ræktun skóga með ágengum framandi trjátegundum sem lausn á lofslagsvanda og einnig veitt leyfi til sjókvíældis með erlendum laxastofnum þá er tæpast hægt að treysta því að töfraorðið orkuskipti verði ekki misnotað.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd stjórnar VÍN



Sveinn Runólfsson, formaður.